



PRESTUR: SR. MARÍA RUT BALDURSDÓTTIR  
 ORGANISTI: TÓMAS GUÐNI EGGERTSSON  
 SELLÓLEIKARI: JÚLÍA MOGENSEN  
 SÖNGUR: FÉLAGAR ÚR CANTOQUE ENSEMBLE  
 UMSJÓN ÚTFARAR: HARPA ÚTFARARSTOFA

*Ástvinir þakka auðsýnda samúð og hlýhug.  
 Að athöfn lokinni er viðstöddum boðið að þiggja  
 veitingar í safnaðarheimili kirkjunnar.*

# *Kristjana Fenger*

Fædd 16. febrúar 1951

Látin 11. nóvember 2023

LÍFSHLAUPI FAGNAÐ Í GUÐRÍÐARKIRKJU  
 ÞRIÐJUDAGINN 21. NÓVEMBER 2023

## Förspil

### Söknuður

– Vilhjálmur Vilhjálmsson

## Signing og bæn

### Fögur er foldin

Fögur er foldin,  
heiður er Guðs himinn,  
indæl þílagríms ævigöng.  
Fram, fram um víða  
veröld og gistum  
í Paradís með sigursöng.

Kynslóðir koma,  
kynslóðir fara,  
allar sömu ævigöng.  
Gleymist þó aldrei  
eilífa lagið  
við þílagrímsins gleðisöng.

Fjárhirðum fluttu  
fyrst þann söng Guðs englar,  
unaðssöng, er aldrei þver:  
Friður á foldu,  
fagna þú, maður,  
frelsari heimsins fæddur er.

– Þjóðlag frá Schesú /  
Matthías Jochumsson

## Rítingarlestur

### Smávinir fagrir

Smávinir fagrir, foldarskart,  
fífill í haga, rauð og blá  
brekkusóley, við mættum margt  
muna hvort öðru að segja frá.

Faðir og vinur alls, sem er,  
annastu þennan græna reit.  
Blessaðu, faðir, blómin hér,  
blessaðu þau í hverri sveit.

Vesalings sóley, sérðu mig?  
Sofðu nú vært og byrgðu þig.  
Hægur er dúr á daggarnótt.  
Dreymi þig ljósið, sofðu rótt!

– Jón Nordal / Jónas Hallgrímsson

## Guðspjall

### Lítu sérhvert sólarlag

Sérhver draumur lifir aðeins eina nótt.  
Sérhver alda rís en hnígur jafnan skjótt.  
Hverju orði fylgir þögn –  
og þögnin hverfur allt of fljótt.

En þó að augnablikið aldrei fylli stund  
skaltu eiga við það mikilvægan fund  
því að tár sem þerrað burt –  
aldrei nær að græða grund.

Þú veist að tímans köldu fjötra enginn flýr.  
Enginn frá hans löngu glímu aftur snýr.  
Því skaltu fanga þessa stund –  
því fegurðin í henni býr.

Lítu sérhvert sólarlag,  
sem þitt hinsta væri það.  
Því morgni eftir orðinn dag  
enginn gengur vísum að.

– Bragi Valdimar Skúlason

## Minningarorð

### Hvert örstutt spor

Hvert örstutt spor var auðnuspor með þér,  
hvert andartak er tafðir þú hjá mér  
var sólskinsstund og sæludraumur hár,  
minn sáttmáli við guð um þúsund ár.

Hvað jafnast á við andardráttinn þinn?  
Hve öll sú gleði er fyrr nau hugur minn,  
er orðin hljómlaus utangátta og tóm,  
hjá undrinu að heyra þennan róm,

hjá undri því, að líta lítinn fót,  
í litlum skóm, og vita að heimsins grjót,  
svo hart og sárt er honum fjarri enn,  
og heimsins ráð sem brugga vondir menn,

já vita eitthvað anda hér á jörð,  
er ofar standi minni þakkargjörð,  
í stundareilífd eina sumarnótt.  
Ó alheimsljós, ó mynd sem hverfur skjótt  
– Jón Nordal / Halldór Kiljan Laxness

## Bæn og Faðir vor

### Íslenska konan

Hún bar þig í heiminn og hjúfraði að sér.  
Hún heitast þig elskaði og fyrirgaf þér.  
Hún ætíð er skjól þitt, þinn skjöldur og hlíf.  
Hún er íslenska konan sem ól þig og þér helgar sitt líf.

Með landnemunum sigldi hún um svarrandi haf.  
Hún sefaði harma, hún vakti er hún svaf.  
Hún þerraði tárin hún þerraði blóð.  
Hún var íslenska konan sem allt á að þakka vor þjóð.

Ó, hún var ambáttin hljóð  
hún var ástkonan rjóð  
hún var amma svo fróð.

Ó, athvarf umrenningsins  
inntak hjálpræðisins  
líkn frá kyni til kyns.

Hún þraukaði hallæri, hungur og fár.  
Hún hjúkraði og stritaði gleðisnauð ár  
Hún enn í dag fórna sér endalaust má.  
Hún er íslenska konan sem gefur þér allt sem hún á.

Ó, hún er brúður sem skín  
Hún er barnsmóðir þín.  
Hún er björt sólarlýn.

Ó, hún er ást, hrein og tær  
Hún er alvaldi kær.  
Eins og Guðsmóðir skær.

Og loks þegar móðirin lögð er í mold  
þá lýtur þú höfði og tár falla á fold.  
Þú veist hver var skjól þitt, þinn skjöldur og hlíf.  
Það var íslenska konan sem ól þig og gaf þér sitt líf.

En sólin hún hnígur og sólin hún rís.  
Og sjá þér við hlið er þín hamingjudís,  
sem ætíð er skjól þitt, þinn skjöldur og hlíf.

Það er íslenska konan, tákn trúar og vonar,  
sem ann þér og þér helgar sitt líf.

– Billy Joel / Ómar Ragnarsson

## Moldun

### Vikivaki (samsöngur)

Sunnan yfir sæinn breiða  
sumarylunn vindar leiða.  
Draumalandið himinheiða  
hlær - og opnar skautið sitt.

Vorið kemur, heimur hlýnar,  
hjartað mitt!

Gakk þú út í græna lundinn,  
gáðu fram á bláu sundin.  
Mundu, að það er stutt hver stundin,  
stopult jarðneskt yndi þitt.

Vorið kemur, heimur hlýnar,  
hjartað mitt!

Allt hið liðna er ljúft að geyma  
- láta sig í vöku dreyma.  
Sólskinsdögum síst má gleyma,  
segðu engum manni hitt!

Vorið kemur, heimur hlýnar,  
hjartað mitt!

– Valgeir Guðjónsson / Jóhannes úr Kötlum

## Blessun

## Útspil

### Ombra mai fu

– Händel